

Íþróttastefna Grindavíkur 2015-2018

1. Barna- og unglíngastarf

Staðan:

- Að mörgu leyti er vel staðið að barna- og unglíngastarfi.
- Lítið samstarf íþróttafélaga, deilda, frístundastarfs og skóla.
- Samræming á æfingatöflum hefur gengið hægt.
- Góð almenn þátttaka upp að 16 ára aldri.
- Iðkendum 16-19 hefur fækkað mjög.
- Ódýrt að stunda íþróttir miðað við önnur bæjarfélög.
- Félagslegur styrkleiki UMFG er mikill.

Áherslur:

Öll börn og unglíngar hafi jafnan aðgang og möguleika til íþróttaiðkunar án tillits til efnahags og/eða hvort æft sé með keppni í huga.

Samþætting og samvinna verði aukin í nærumhverfi til þess að skapa samfellu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi.

Markvisst samstarf allra félaga og deilda þar sem þarfir barna og unglínga er í forgrunni sem er forsenda þess að efla félagslegan styrkleika.

Aðgerðir:

- Íþróttafélög, frístundaaðilar og skólar vinni markvisst í því að samræma stunda- og æfingatöflur fyrir nemendur til þess að forðast árekstra og hafa samfelldan skóladag eins og kostur er.
- Æfingar barna verði eins og kostur er í beinu framhaldi af skólastarfi og að staðaldri einungis á virkum dögum og mótahald um helgar. Ef ekki eru mót í gangi þá geti íþróttamannvirki verið opin fyrir almenning og fjölskyldur.
- Grunnskólanemendur fái markvissa kynningu á mismunandi íþróttagreinum og gefist kostur á að prófa þær tímabundið án endurgjalds.
- Grindavíkurbær og íþróttafélögin stuðli að því í sameiningu að skapa umgjörð og aðstöðu fyrir hreyfingu foreldra á sama tíma og æfingar eru fyrir börn þeirra, eða stuðli að því að bjóða upp á sérstaka fjölskyldutíma.
- Auka ábyrgð og skilning foreldra á mikilvægi starfsins til að minnka brottfall á unglíngastiginu.
- Íþróttafélög og deildir skulu leitast eftir því að ráða menntaða þjálfara til starfa og sjá um endurmenntun þeirra jafnt í kvenna- og karlaflokkum.
- Fara í markvissa áætlun og aðgerðir til að minnka brottfall unglínga 16-19 ára.
- Grindavíkurbær styðji við bakið á barna- og unglíngastarfi þar sem við á með fjárframlagi sem fer til niðurgreiðslu æfingagjalda og til að efla faglegt innra starf til að halda utan um þau verkefni sem snúa að faglegu íþróttastarfi barna- og ungmenna.
- UMFG ráði íþróttafulltrúa í hlutastarf, með stuðningi bæjarins, til að halda utan um þau verkefni sem snúa að faglegu íþróttastarfi barna- og ungmenna.



2. Afreksstarf

Staðan:

- Öflug umgjörð og góður stuðningur við afreksstarf.
- Öflugir meistaraflokkar í körfubolta og fótbolta, karla og kvenna.
- Uppgangur í afreksstarfi í júdó, hestaíþróttum og golfi.
- Góð aðstaða en brýn þörf fyrir bættri aðstöðu fyrir minni deildir.

Áherslur:

Grindavík eigi hverju sinni afreksmenn og afrekskonur í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim fremstu á landinu. Í því felst að efla hæfni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu og afreksíþróttamanninum koma og vinna.

Vinna skal að langtímamarkmiðum með því að setja sér markvissar áætlanir um frammistöðu á helstu mótum og auka menntun þjálfara.

Þjóða upp á fyrsta flokks aðstöðu með uppbyggingu íþróttamannvirkja sem fullnægja kröfum um æfinga- og keppnis-aðstöðu fyrir íþróttgreinar sem stundaðar eru í Grindavík.

Öflugt samstarf þeirra félaga og deilda sem eru í afreksíþróttum.

Aðgerðir:

- Að hafa fagteymi á sviði þjálffræði, sálfræði og íþróttameiðsla sem nýtist öllum greinum sem eru í afreksíþróttum.
- Afreksíþróttafólk hafi aðgang að sérfræðingum til að mæla líkamlega þætti þeirra og veita ráðgjöf um hvað megi betur fara.
- Að Grindavíkurbær styrki afreksfólk og íþróttafrek úr afrekssjóði bæjarins í samræmi við reglugerð.
- Grindavíkurbær skal leitast við að gera samninga við íþróttafélög í bænum um stuðning bæjarins við afreksstarf og skyldur íþróttafélaganna.
- Grindavíkurbær og viðkomandi félög/deildir tryggja afreksíþróttafólki aðstöðu í íþróttamannvirkjum.

3. Faglegt innra starf félaganna

Staðan:

- Öflugt foreldrastarf í flestum félögum og deildum.
- Öflugir sjálfbóðaliðar eru kjarninn í starfsemi íþróttafélaganna en það vantar sjálfbóðaliða í afreksstarfið.
- Fáir starfsmenn sem geta sinnt innra starfi félaga og deilda.
- Samstarf á milli deilda betra með árunum.
- Erfiður rekstur án fjárhagslegs stuðnings.
- Félagsgalur styrkleiki UMFG gerir það að verkum að starfið er öflugt.

Áherslur:

Að öll starfsemi, rekstur og umgjörð félaga og deilda verði með faglegum hætti og tryggi iðkendum bestu mögulega aðstöðu til íþróttaiðkunar og uppbyggingar félagslegra þátta.



Tryggja þarf fjölbreytni í starfinu til þess að gera iðkendum kleift að stunda íþróttir á sínum forsendum.

Efla þarf samstarf á öllum sviðum og tryggja uppbyggileg samskipti með markvissum forvarnaraðgerðum.

Félög og deildir verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Tryggja þarf reglubundna uppfærslu á íþróttanámskrám.

Tryggja þarf áframhaldandi félagslegan styrkleika í starfi UMFG.

Aðgerðir:

- Skipulag, stefna og innra starf íþróttafélaga og deilda verði endurskoðað reglulega og fagmennska í öllu starfi þeirra sett fram á einfaldan og skýran hátt.
- Rekstur verði jákvæður og öll bókhalds- og fjármálaleg umsýsla á faglegum grunni.
- Gæðamat verði aukið samfara auknum faglegum kröfum.
- Reglulega verði könnuð ánægja iðkenda/foreldra með starf félaga/deilda.
- Íþróttahreyfingin og Grindavíkurbær standi fyrir ýmsum námskeiðum fyrir starfsfólk, stjórnarfólk og sjálfboðaliða.
- Starf sjálfboðaliða verði endurskoðað og eflt og taki mið af nútíma þörfum.

4. Samskipti bæjaryfirvalda og íþróttafélaganna

Staðan:

- Grindavíkurbær hefur styrkt íþróttahreyfinguna með samningum um barna- og unglíngastyrki, afreksstyrki, styrki til stækkunar golfvallar, byggingar reiðhallar og með uppbyggingu íþróttamannvirkja.
- Íþróttahreyfingin hefur fengið aðgang að íþróttamannvirkjum án endurgjalds.
- Samstarfið hefur verið með ágætum og gert það að verkum að Grindavík er þekktur íþróttabær á landsvísu.

Áherslur:

Bæta markvisst faglegt samstarf og samskipti Grindavíkurbæjar og íþróttafélaganna á öllum sviðum til að efla þátttöku almennings, forvarnir og afreksstarf.

Aðgerðir:

- Uppbygging og bakgrunnur samninga sé gegnsær og auðskilinn.
- Samningar íþróttafélaganna séu reglulega metnir með það fyrir augum að greina breytingar á starfsumhverfi þeirra á hverjum tíma.
- Samningarnir verði samræmdir, að gerður verði t.d. einn heildarsamningur við hvert félag fyrir sig.
- Fjármagn verði skilyrt í rekstur íþróttafélaganna og öflugt utanumhald um bókhald allra deilda þeirra.
- Gerð verði úttekt á hagrænum áhrifum íþróttastarfs fyrir bæjarfélagið.
- Gerð verði úttekt á rekstri íþróttafélaganna.



- Haldinn verði árlegur stöðufundur Grindavíkurbæjar og íþróttahreyfingarinnar um framvindu stefnu í íþróttamálum og önnur hagsmunamál.

5. Almenningsíþróttir

Staðan:

- Þeir sem ekki eru í afreksíþróttum hafa fáa möguleika til að blómstra innan íþróttafélaganna.
- Reynt hefur verið að undirbúa stofnun almenningsíþróttadeildar án árangurs.
- Þátttökustefna hefur markvisst verið byggð upp meðal barna og unglinga en er ekki fylgt eftir þegar grunnskóla lýkur.
- Aðstaða til almenningsíþróttar er fyrst og fremst í sundlaugum, göngustígum, golfvelli og líkamsræktarstöð.

Áherslur:

Íþróttafélögin sinni breiðari hópi iðkenda, bæði út frá aldri og getu.

Auka aðkomu almennings að íþróttafélögum til að félagsauðurinn nái að vaxa og dafna.

Bætt aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum.

Aðgerðir:

- Stofnuð verði almenningsíþróttadeild innan UMFG.
- Úttekt verði gerð á aðstöðumálum fyrir almenningsíþróttir og úrbætur gerðar í kjölfarið.
- Grindavíkurbær vinni áfram markvisst að skipulagi og uppbyggingu hjólríða- og göngustíga með áherslu á tengingu við golfvöllinn.
- Grindavíkurbær vinni markvisst í uppbyggingu á reiðvegum.
- Lokið verði við gerð Heilsustígs þar sem verði að finna tæki og búnað til að gera almenningi kleift að stunda líkamsrækt utandyra, allt árið um kring.
- Bætt verði aðstaða fyrir jaðaríþróttir.
- Grindavíkurbær geri mögulegt að hafa íþróttamannvirkin meira opin fyrir almenning.

6. Jafnrétti og siðamál

Staðan:

- Engin jafnréttisáætlun er til hjá íþróttahreyfingunni, nema hjá knattspyrnudeild.
- UMFG hefur forvarnar-, siða- og eineltisáætlanir. Önnur félög hafa engar slíkar áætlanir.
- Hjá UMFG starfar forvarnarnefnd.
- Engin formleg áætlun eða úrræði hvað varðar ofbeldi.
- Engin móttökuáætlun er til fyrir nýja bæjarbúa af ýmsum þjóðernum.

Áherslur:

Skerpa á ábyrgð þeirra sem veita

börnum og almenningi þjónustu utan skólatíma.



Tryggja jafnrétti og gagnkvæma virðingu allra sem að íþróttastarfi koma og sérstakt tillit verði tekið til minnihlutahópa.

Aðgerðir:

- Forvarnar-, siða- og eineltisáætlunum verði komið á hjá öllum félögum og þær endurskoðaðar á hverju ári, til að sporna við hvers konar ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi, og hvaða úrræði skal beita ef slík mál koma upp.
- Jafnréttisstefna verði mótuð hjá öllum íþróttafélögum og sett í framkvæmd sem fyrst.
- Móttökuáætlun fyrir nýja iðkendur.
- Íþróttafélögin og Grindavíkurbær komi upp faghópi til að styðja við félögin.

7. Rekstur, uppbygging, viðhald og nýting íþróttamannvirkja

Staðan:

- Íþróttamannvirki eru í eigu Grindavíkurbæjar eins og íþróttahús, Hópið, sundlaugin og ný íþróttamiðstöð, knattspyrnuvelli, áhorfendastúka o.fl.
- Golfklúbburinn rekur 18 holu golfvöll í fremstu röð ásamt golfskála. Bærinn lagði til fjármagn til stækkunar vallarins.
- Hestamannafélagið byggði reiðhöll með stuðningi bæjaryfirvalda.
- Undirbúningur hafinn við byggingu á nýjum íþróttasal.
- Viðhald íþróttamannvirkja með ágætum.
- Aðstaðan er ágæt en brýn þörf fyrir bættu aðstöðu fyrir minni deildir.

Áherslur:

Íþróttamannvirki séu nýtt sem best og á sem hagkvæmastan hátt og aðgengi sé jafnt fyrir alla. Mannvirkjum sé viðhaldið með reglulegum og eðlilegum hætti til að lágmarka kostnað til lengri tíma. Allt sem varðar öryggismál verði sett í forgang hvað varðar viðhald og uppbyggingu mannvirkja.

Aðgerðir:

- Sett verði fram raunhæf langtímaáætlun um viðhald íþróttamannvirkja í eigu Grindavíkurbæjar og gerð framkvæmdaáætlun fyrir hvert mannvirki fyrir sig.
- Sett verði fram uppfærð áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja til næstu ára.
- Að Grindavíkurbær marki sér stefnu hvað varðar aðkomu bæjarins þegar kemur að uppbyggingu íþróttamannvirkja sem eru reist á vegum félagasamtaka.
- Grindavíkurbær og íþróttafélög opni meira á aðgengi almennings að mannvirkjum.

Samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar 24. febrúar 2015